

## REGLUR

### um breytingu (6) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglum nr. 458/2000 kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 127. gr. reglna þessara er hjúkrunarfræðideild heimilt að víkja frá reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði og ákveða að réttur þeirra stúdenta, sem innrituðu sig til náms á 1. námsári við deildina á haustmisseri 2001, til áframhaldandi náms við deildina ráðist ekki af niðurstöðu samkeppnisprófa í desember 2001. Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði skulu endurskoðaðar og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júní 2002.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 29. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*